

Sp.

### 39. Tillaga til þingsályktunar

um bann gegn því, að einstakir trúnaðarmenn þjóðfélagsins fái vörur, svo sem áfengi, tóbak og bifreiðar, með undanþáguheimild frá ríkisvaldinu, við lægra verði heldur en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja bann við því, að einstakir trúnaðarmenn þjóðfélagsins fái vörur, svo sem áfengi, tóbak og bifreiðar, með undanþáguheimild frá ríkisvaldinu, við lægra verði en aðrir þegnar hér á landi. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að leggja fyrir Alþingi tillögur um hófleg, en nauðsynleg framlög til að standast risnukostnað forseta lýðveldisins og utanríkisráðherra.

#### Greinargerð.

Sá óvani hefur um stund tíðkapt hér á landi, að ríkið veiti einstökum mönnum ívilnanir um tolla og verðlag á vörum, sem mjög eru eftirsóttar, svo sem áfengi, tóbak og bílar. Fer þessi siður nokkuð í vöxt, og er ekki laust við, að skattþegnum þyki hér gæta spillingar og misbeitingar ríkisvaldsins. Hlunnindi þau, sem hér er um að ræða, nema í sumum tilfellum mörgum þúsundum króna á einstökum liðum, eins og nú munu leidd rök að.

Hlunnindin um vín og tóbak munu að öllum jafnaði fylgjast að. Eru þau þannig til komin, að fyrir allmörgum árum þóttust forsætisráðherrar mjög vanhaldnir af risnufé því, sem þingið greiddi þeim. Var þá sá siður upp tekinn, að fjármálaráðherra heimilaði forsætisráðherra, en á honum hvíldi risnuskyldan, að ekki skyldi reikna þessum trúnaðarmanni þjóðfélagsins áfengi og tóbak í opinberar veizlur með fullu verði. Tilgangurinn að bæta með vafasamri lögskýringu úr sparnaðarviðleitni Alþingis, þegar það ákvað framlag til opinberrar risnu. Hér var í fyrstu um bókfærsluatriði að ræða. Forsætisráðherra hefði átt að fá meira fé til risunnar, og var þá hægt að bókfæra vínið og tóbakið, sem hann eyddi til risnu, með réttu verði. Eyðslan var hin sama, en ekkert undan dregið, sem gat valdið álitshnekki í fari valdamesta manns í landinu. Brátt virðist hafa komið að því, að fleiri og fleiri trúnaðarmenn ríkisins leituðu í þann brunn, sem hafði verið opnaður fyrir vítaverðan naumleika Alþingis og þrekleysi ráðherra. Komu innan tíðar í sömu slóð allir aðrir ráðherrar, þó að ekki hvíldi á þeim risnuskylda. Síðan kom forseti sameinaðs Alþingis og á eftir komu deildarforsetarnir. Þá þótti sumum varaforsetum, að þeim hæfði hinn sami réttur. Nú var röðin komin að öðrum starfsmönnum við þingið og í stjórnarráðinu, enda gátu ýmsir þeirra manna fært rök fyrir því, að þeir hefðu ekki minni þörf fyrir bætt aðstöðu til risnu en sumir þeir, sem öðlazi höfðu nokkra hefð á þessum hlunnindum. Takmörkin milli venjulegra borgara og hinna gæfusómu undantekningarmanna voru nú orðin óglögg. Mátti sjá, að hér horfði til vandræða, bæði um sæmd ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

Enginn vafi er á því, að þessi undanþáguvenja er komin út í öfgar. Tryggvi Þórhallsson var forsætisráðherra í fimm ár og notaði ekki svo mikið sem eina flösku af áfengi handa sér eða sínum gestum. Forsetar Alþingis á þeim tíma, Guðmundur Ólafsson, Einar Árnason og Jörundur Brynjólfsson, létu sér ekki koma til hugar að biðja um undanþágu á verði áfengis, til að halda með þeim hætti uppi sæmd Alþingis. En eftir þeirra daga í stjórn þingsins gerðist mikil venjubreyting. Sumir ráðherrar og sumir forsetar Alþingis gerðust mjög frekir um áfengi til risnu, og er nú svo komið, að til vandræða horfir, ef ekki er hreinlega tekið á málinu og teknar upp í þessu efni nýjar siðvenjur, sem eru samboðnar ungu lýðveldi, sem á að verða langlíft í landinu. Fyrir nokkrum misserum varð það landskunnugt, að forseti annarrar deildarinnar hélt hátiðlegt afmæli sitt norður við Eyjafjörð. Þetta

var í þingleyfi. Þótti forsetanum hæfilegt að fá fjörutíu flöskur vegna þessa afmælis. Björn Ólafsson var þá fjármálaráðherra. Mun útibússtjórinn hafa borið málið undir hann. Ekki hefur vitnast, hvaða úrlausn ráðherra gerði deildarforsetanum, en eftir þetta var deildarforsetum sett hámark um vneyðslu. Máttu þeir fá vörur úr vinnverzluninni með niðursettu verði. Var hámarkið svo höfðinglegt, að slíkur forseti mundi nú geta fyrir þá upphæð komið yfir nálega 200 flöskur af íslenzku brennivíni vegna einnar þingsetu. Komst upp úr þessu nokkur ruglingur á vinheimildir þingforseta. Stundum höfðu aðalforsetarnir þrír þennan rétt einir, og svo mun nú vera. En þegar betur blés fyrir forsetum, voru þeir allir, níu talsins, með fullum áfengisheimildum. Eftir að þessi siðvenja var upp tekin, mun ekki hafa þótt við eiga að skammta ráðherrum vinnréttindin. Við lýðveldismyndunina færðist risnuþyrðin frá forsætisráðherra til forseta lýðveldisins og utanríkisráðherra. Á þeim tveim mönnum, einum af öllum starfsmönnum ríkisins, hvílir risnuskylda, og ber Alþingi að ráða skynsamlega fram úr málinu, heimila þessum embættismönnum sómasamlegt fé til risnu, svo að þeir geti fyrir sínar veizlur greitt fullt verð fyrir vín og tóbak, eins og aðrir menn í landinu. Heimild ráðherra til ódýrra vínfanga skýrðist nokkuð við deilur í þinginu út af vinskuld ráðherra, sem látið hafði af völdum, en stóð í óbættum sökum við áfengisverzlun ríkisins um 5000 kr. Vitað var, að þegar þessi ráðherra hélt opinberar veizlur, lét hann ríkið greiða þær að fullu. Vinskuldin hlaut þess vegna að vera fyrir áfengi, sem hann hafði notað í einkalífínu fyrir vini sína og stuðningsmenn. Þar sem þessi ráðherra er viðurkenndur hófsmaður, er auðséð, að hann hefur lagt stund á að gleðja sem flesta samborgara með áfengi. Fyrir 5000 kr. gat hann keypt nálega eitt þúsund flöskur af brennivíni, en það vinnmagn er nú með búðarverði um 60 þús. kr. Hér er sannarlega um að ræða allfjárfrek hlunnindi. Þegar þar við hætist tóbak með niðursettu verði og ekki skammtað, nema af þeim, sem hlunnindanna njóta, fer eyðsla ríkissjóðs á þessum lið að verða nokkuð tilfinnanleg. Þó er önnur hlið á þessu máli enn hættulegri. Hér er ótiltekinn hópur trúnaðarmanna lýðveldisins farinn að afhenda sjálfum sér mjög dýr nautnameðul úr birgðaskemmu ríkisins, og þykjast menn þessir gera það í þágu alþjóðar. Ekkert er hættulegra heilbrigðu þjóðlífi í lýðfrjálsum löndum en að hafa valdastétt, sem skammtar sér hlunnindi, sem aðrir þegar borgfélagsins geta og mega ekki njóta. Franska þjóðin hefði sparað sér hin blóðugu átök, sem kölluð eru stjórnarhyllingin mikla, ef tvær valdastéttir landsins, klerkar og aðall, hefðu ekki gert tvennt í senn: Dregið mikið af auði landsins sér í hendur og neitað að greiða skatta til almennra þarfa. Þegar valdastéttir Frakklands höfðu misboðið almenningi nógu lengi, brotnaði þjóðfélagið undan ofurþunga réttlátrar reiði, og svo fer jafnan, þar sem trúnaðarmenn þjóðfélagsins hyggjast að byggja sér skjaldborg til persónulegra hlunninda á kostnað almennings.

Eðli áfengis og eðli Íslendinga gerir sérréttindi þau, sem hér eru gerð að umtalsefni, sérstaklega þjóðhættuleg. Íslendingar eru vinnhneigð þjóð og sækjast mest eftir mjög áfengum vinnu, eins og tíðkast raunar um fleiri þjóðir í köldum löndum. Hér eru í gildi ströng og nauðsynleg refsíákvæði gagnvart bifreiðastjórum, sem eru undir áhrifum áfengis. Þetta er gert til að bægja hættu frá farþegum og fargestum á götum og þjóðvegum. Að visu er hér um að ræða mikla hættu, ef menn, sem stýra bifreið, sljóvga dómgreind sína með áfengiseitrun. En mikið ósamræmi er í því að óttast svo mjög deyfandi áhrif áfengis á bílstjóra, sem hafa þó mjög takmarkaða tölu fargesta á sinni ábyrgð, en ýta undir 10—20 af áhrifamestu forráðamönnum þjóðfélagsins að nota sem allra mest af deyfandi nautnameðulum, ekki aðeins í sjaldgæfum veizlufagnaði, heldur daglega í heimahúsum og jafnvel við skyldustörf í þágu almennings. Eins og málum er nú háttáð, er brunnur deyfilyfjanna opnaður fyrir forseta lýðveldisins, forsætisráðherra, meðráðherrum hans öllum og forráðamönnum Alþingis, svo að ekki séu að þessu sinni taldir fleiri valdamenn í landinu. Ef þessi venja verður að hefð í landinu, má hiklaust gera ráð fyrir, að þeir menn,

sem mesta hafa áfengishneigðina, sæki fastast á að komast í þær trúnaðarstöður, þar sem áfengi er eins konar fylgifé, svo sem forsetastöður í Alþingi. Gæti þá svo farið, að samtök yrðu hafin meðal þeirra menna á þingi, sem minnst sinna alvarlegum störfum, um að velja til verkstjórnar á Alþingi þá menn, sem væru ósparir á vinnveitingar. Er nú á almanna vitorði, að til mála hefur komið að setja upp „bar“ eða snapsaútsölu í þinghúsinu, og er ekki gott að segja nema sú „hugsjón“ hefði orðið að veruleika, ef forseti sameinaðs þings hefði ekki beitt sér á móti þessari nýjung.

Áfengisnautn valdamanna hér á landi er meira áberandi af því að þeir, sem brotlegir eru, gerast að öllum jafnaði mjög háværir og umsvifamiklir á mannamótum, þó að þeir séu tiltölulega fámennir. Gera þeir þá sifellt hin mestu veizluspjöll. Venjulega eru þessir menn litlir fyrir sér og verða oftast fljótlega lítt færir til gangs. Gerast þeir þó margorðir um afl sitt og bardagatækni. Fer saman óprútt orðbragð um þá, sem nærstaddir eru, stórfelldar kraftayfirlýsingar og vanmáttugir tilburðir að spilla klæðum annara veizlugesta eða hefja ryskingar. Til þess, að þessar sýningar á hetjuskap Íslendinga gerast í boðum, þar sem erlendir fyrirmenn eru við, og má nærri geta, hversu þess háttar tiltektir verða til að draga þjóðina niður í augum útlendinga, sem kynni hafa af landinu, þó að fáir menn valdi hneykslinu. Er lítil vafi á, að ekki verður komizt hjá að segja rétt og hlutdrægnislaust frá opinberum hneykslum, sem trúnaðarmenn landsins gera sig seka um í alþjóðarnafni og á alþjóðarkostnað. Fer vel á, að aukin ábyrgð fullkomins þjóðarsjálfstæðis verði til að knýja alla sómakæra menn til að gera, þó að seint sé, full reikningsskil í sambandi við drykkjuslark opinberra trúnaðarmanna. Þarf í þeim efnum, fremur en hingað til, að gæta þess að senda aldrei sem þjóðfulltrúa til útlanda nokkurn þann mann, sem vitað er um, að misnotar áfengi.

Á þessu þingi og stundum áður hafa komið fram um áfengisnotkun í opinberum samkomum tillögur, sem stefna í rétta átt, þó að tillögumenn skjóti yfir markið. Svo er um þær tillögur, þar sem lagt er til að banna vinnnautn í opinberum samkvæmum. Þetta er óframkvæmanlegt, meðan vín er selt og keypt í landinu í svo stórum stíl, að ríkissjóður fær í sinn hlut gróða, sem nemur tugum milljóna. Sá eini ráðherra, sem reyndi með miklum trúnaði og alvöru að halda uppi risnu, fyrir landsins hönd án vinnveitinga, varð að horfa upp á, að ýmsir gestir höfðu með sér vín og neyttu þess leynilega, þar sem ekki var mannkvæmt. Meðan áfengi er eftirsóttasta nautnameðal í landinu, og meðan vín er notað í öllum meiri háttar veizlufagnaði í landinu og í öllum þeim löndum, sem Íslendingar hafa skipti við, er tilgangslaust að ætla að banna algerlega að hafa vín um hönd við opinbera risnu. Hitt er annað mál, að Íslendingar verða að læra að fara með áfengi eins og siðaðir menn. Ég hef í rúmlega þrjátíu ár verið þátttakandi í opinberum samkvæmum í ýmsum löndum og hvergi nema hér séð veizlugesti vera með drykkjulæti. Þessu má breyta, og þessu verður að breyta. Og það gerist með þeim hætti, að vakandi almenningsálit í landinu dæmir úr leik frá opinberum störfum alla þá menn, sem ekki kunna að nota áfenga drykki án þess að misþjóða almennu velsæmi með framkomu á almannafæri. Ef Íslendingar vilja láta telja sig og vera sjálfstæð menningarþjóð, verða þeir að þola að ganga á allan hátt undir sömu manndómspróf og fólk í öðrum menntalöndum.

Á síðari árum hefur sá siður komizt á, að flestir, ef ekki allir, af hinum mörgu þingstjórnarráðherrum hafa flutt inn frá Ameríku nýja einkabíla og fengið eftirgjöf á innflutningsgjöldum til ríkissjóðs. Einstaka ráðherrar hafa fengið marga bíla, en flestir ekki nema einn eða tvo. Þessi undanþága er sama og launahækkun, veitt af sjálfu ráðuneytinu, og er mjög óviðkunuanleg, hvernig sem á málið er litið. Ef ráðherrar mega hefja sig og sín heimili yfir tolla- og skattalög, þá virðist einsætt, að næsta skrefið verði, að ráðherrar greiði ekki tolla af vörum til heimilisþarfa og ekki opinber gjöld til ríkis eða bæjar. Mér þykir leitt, að þessi seinheppilega bílanotkun

er skripamynd af eldra skipulagi, sem var mikil framför á sinni tíð. Fyrir 20 árum beitti ég mér fyrir þeirri nýjung, að ríkið eignaðist þrjá bíla til almennra afnota fyrir landsstjórnina, þingið og fjölmarga embættismenn, erlenda og innlenda gesti o. s. frv. Ríkið átti bílana, hafði úrvals bílstjóra til að stýra þeim og sparaði með þessu skipulagi mikið fé fyrir landið. Mjög var í fyrstu deilt á ríkisstjórnina fyrir þessa framkvæmd, en innan tíðar hafði stefnan sigrað, en um leið orðið broslag í framkvæmdinni. Fjölmargar ríkisstofnanir keyptu bíla, og landið kostaði útgerðina. En nú varð hver bíll einstaklingsáhald. Hver ráðherra hefur sinn bíl, fær vagninn skattfrjálsan og fer með hann út í einkalífið, þegar stjórnardagar hans eru taldir. Mjög oft selja fráfarandi ráðherrar þessa tollfrjálsu bíla, eftir að þeir ganga úr stjórninni. Þó að ríkið eigi að fullu eða nokkru leyti fjölmarga bíla, notast þeir ekki til almennra þarfa, eins og til var stofnað í fyrstu, heldur eru eins konar sambland af einkabraski og óhöndulegum ríkisrekstri. Tollfrelsi ráðherranna í sambandi við einkabílaeign er smekkleysi, samkynja tollfrjálsa víninu og tóbakinu. Undanþágur valdamanna í landinu í öllum þessum eignum eru óafsakanlegar félagslegar yfirsjónir. Vínundanþágan er upphaf þessarar óvenju, og hún er sprottin af smásálarskap Alþingis við að ákveða risnu forsætisráðherra. Til að bæta úr þeirri yfirsjón hafa ráðherrarnir farið í áfengisverzlunina að baki hins þröngsýna fjárgæzluvalds og bætt sér þar upp vantandi risnufé, síðan hefur ein syndin boðið annarri heim. Hið háskalega fordæmi var myndað. Fleiri og fleiri menn runnu í slóðina. Hver opinber starfsmaður af öðrum tók að krefjast undanþágu frá lögmetum gjöldum vegna risnu, þó að ekki væri um neina þörf að ræða. Undanþáguvörum fjölgaði með undanþágumönnum. Fyrst kom áfengið, þá tóbakið og loks bílarnir. Ef ekki er tekið þvert fyrir þessa óvenju alla, getur þjóðfélagið fyrr en varir tekið undir með Guðmundi Friðjónssyni: Borgfélagið er orðið „holurð, sundurgrafin af bognum refaklóm.“